

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða.

Um er að ræða endurskoðað deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða. Deiliskipulag fyrir Grund sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 25. júní 2007 ásamt síðari breytingum og deiliskipulag fyrir Suðurbrún samþykkt í sveitarstjórn þann 7. október 2010 falla úr gildi við gildistöku nýs skipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2014.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. júní 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2014